

MJÓLKUR PÓSTURINN

Fréttabréf Mjólkursamsölunnar. Júlí 2022

Útgefandi: Auðhumla og MS – Ábyrgðarmaður: Pálmi Vilhjálmsson

Ritstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir steinunnt@ms.is – Prentun: Prentmet Oddi

AUÐHUMLA

MJÓLKURSAMSALAN

Kaupfélag Skagfirðinga



Nokkrar af kúm bænda á Glitstöðum í Borgarfirði.

Hvetjum bændur til að auka framleiðsluna og verja innanlandsmarkaðinn

Þann 1. maí síðastliðinn ákvað stjórn Auðhumlu að hækka afurðastöðvaverð fyrir umframmjólk í 80 kr. á hvern innlagðan lítra. Það gildir þangað til annað verður ákveðið, en þetta verð mun ekki lækka á yfirstandandi verðlagsári. Þegar tekið er tillit til beingreiðslna fyrir alla innlagða mjólk ætti umframmjólk að skila um 100 kr/ltr til framleiðenda og því ætti að vera fjárhagslegur grundvöllur hjá hverjum og einum framleiðenda til að framleiða umfram greiðslumark sitt. Greiðslumark ársins 2022 er 146,5 milljónir lítra og hækkaði um 1% milli ára. Innvigtun mjólkur eftir viku 26 á árinu 2022 er hins vegar nokkuð undir sama tímabili árið 2021 og munar þar 2,1%. Því er full ástæða til að hvetja bændur til aukinnar framleiðslu.

Sé litið til hækunar á verði fyrir umframmjólk og aukins opinbers stuðnings



eru vonandi komin skýr skilaboð til framleiðenda um að spýta í lófana og keppa að því að framleiðsla ársins mæti þörfum innanlandsmarkaðar. Til þess að svo verði hvetjum við bændur, alla sem einn, að gera allt sem í þeirra valdi stendur með því að auka framleiðsluna og verja þannig innanlandsmarkaðinn.

*Elin M. Stefánsdóttir,
stjórnarformaður Mjólkursamsölunnar
Ágúst Guðjónsson,
stjórnarformaður Auðhumlu*

Framleiðsla mjólkur 2022

Mjólkurframleiðslan hefur dregist saman það sem af er árinu samanborið við árið 2021. Heildarminnkunin frá áramótum (fyrstu 25 vikur ársins) nemur um -1,6 milljón lítrum eða -2,1%. Til að ná greiðslumarki ársins þarf innvigtun það sem eftir er árs (vika 26 – 52) að vera jafn mikil og á sama tímabili síðasta árs. **Sjá bls. 7**



Mikilvægt er að hlúa vel að landbúnaðinum

Ágætu mjólkurframleiðendur og samstarfsfélk

Sumarið er sá árstími sem leggur drög að afkomu næstu mánaða. Þá ráðast gæði og magn heyfengs og þar með verulegur hluti framleiðslukostnaðar við mjólkurframleiðsluna. Blómlegt líf og fjölbreytt starfsemi í sveitum landsins hefur mikilvægu hlutverki að gegna, ekki einungis þegar litið er til byggðafestu og matvælaframleiðslu, heldur einnig gagnvart ímynd landsins og upplifun ferðamanna sem sækja Ísland heim. Mikilvægt er að hlúa vel að landbúnaðinum – atvinnugrein sem fylgt hefur þjóðinni frá landnámi og er stór hluti af okkar þjóðarsál – ekki síst nú á tímum mikilla áskorana.



2,5 milljarðar til stuðnings landbúnaðinum

Um miðjan júnímánuð skilaði Sprethópur matvælaráðherra af sér tillögum um hvernig bregðast skildi við alvarlegri stöðu í matvælaframleiðslu á Íslandi sem uppi er vegna verðhækkana á helstu aðföngum í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu. Í skýrslu Sprethópsins kemur

fram að rekstrarkostnaður landbúnaðarins hafi hækkað um 8.900 milljónir frá fyrra ári. Að nokkru leyti hefur því verið mætt með hærra afurðaverði en fjarri því öllu. Því hafa rekstrarforsendur versnað og framleiðslan jafnvel rekin með tapi. Hættan er sú að afleiðingin verði samdráttur í framleiðslu sem sjá má nú þegar merki um meðal annars í mjólkurframleiðslunni.

Ríkisstjórnin samþykkti í kjölfarið að veita landbúnaðinum tæplega 2,5 ma. kr. stuðning á yfirstandandi ári til að mæta þessum kostnaðarhækkunum og styrkja matvælaframleiðslu í landinu. Þar af fara um 517 milljónir í 65% álag á jarðræktarstyrki og landgreiðslur og tæplega 200 milljónir í 20% álag gripagreiðslna á mjólkurkúr.

Elín M. Stefánsdóttir, stjórnarformaður Mjólkursamsölunnar
Ágúst Guðjónsson, stjórnarformaður Auðhumlu



Herman Erlingsson, aðstoðarsölustjóri hjá Mjólkursamsölunni fyrir framan bílaflotann.

Mjólkursamsalan skiptir yfir í rafmagnsbíla

Mjólkursamsalan hefur nú skipt út bílaflota söludeildarinnar fyrir rafmagns- og tengitvinnbíla. Sölufólk fyrirtækisins er mikið á ferðinni en á hverju ári keyra þau um 180.000 kílómetra og því munar um minna að skipta yfir í grænni akstur. Um er að ræða fjóra rafmagnsbíla og fimm tengitvinnbíla. Sölufólk MS ferðast víðsvegar um landið allt árið um kring og þar sem víða skortir enn innviði er tengitvinnbílar notaðir í lengri ferðir. Framkvæmdir hafa verið í gangi við

höfuðstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík þar sem nú er búið að koma upp átta hleðslustöðvum. Þá er einnig tengitvinnbíll notaður frá starfsstöðinni á Akureyri.

Mjólkursamsalan hefur einnig verið að leita leiða til orkuskipta fyrir stærri bifreiðir fyrirtækisins en MS er þriðja stærsta flutningsfyrirtæki landsins. Í haust var í því tilliti tekinn í notkun flutningabíll sem gengur á metani og er nýttur til útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu. /MG

Betri nýting undanrennunnar

Undirbúningur vegna kaseinvinnslu úr undanrennu er vel á veg kominn en vinnslan mun verða staðsett á Sauðárkróki. Á allra næstu vikum verður verkefninu hrundið formlega af stað þegar pöntun á tækjabúnaði verður staðfest.

Mikið af undanrennu fellur til við framleiðslu á Akureyri og Sauðárkróki og er staðsetning vinnslunnar m.a. valin út frá því.

Með því að hefja vinnslu á kaseini á Sauðárkróki, í stað þess að nýta allt umframprótein til duftframleiðslu á Selfossi, er bæði verið að auka verðmæti afurða og draga úr flutningi á undanrennu um langar leiðir. Þannig er hægt að nýta próteinhlutu undanrennunnar í kaseinframleiðslu og mjólkursýkurinn til etanólframleiðslu, sem stefnt er á að hefjist í vetur. Þá þarf einnig minni orku við kaseinframleiðsluna en duftframleiðslu sem dregur enn frekar úr kolefnisspori fyrirtækisins. /MG



Nýr og endurbættur vefur MS í sumar

Undanfarna mánuði hefur mikil vinna átt sér stað í tengslum við nýja heimasíðu Mjólkursamsölunnar, ms.is, sem ætlað er að miðla samfélagslegu mikilvægi MS með því að segja sögur af starfseminni, upprunum og umhverfinu, sem og þeim fjölmörgu verkefnum sem fyrirtækið styður við með margvíslegum hætti. Vefurinn mun aukinheldur veita ítarlegar upplýsingar um vöruframboð, gæði og hollustu framleiðslunnar.



Við viljum vera jákvæð og heiðarleg, upplýsandi og mannleg og vekja upp jákvæðar tilfinningar hjá þeim sem heimsækja vefinn og nota hann og er því rík áhersla lögð á sterkt myndefni og skýr skilaboð. Um þessar mundir standa yfir myndatökur fyrir vefinn á öllum starfsstöðvum Mjólkursamsölunnar, auk KS og nokkurra kúabúa víðsvegar um landið og viljum við nota tækifærið til að þakka stjórnendum, starfsmönnum, bændum og fjölskyldum þeirra fyrir að taka vel á móti okkur á hverjum stað.

Útlit nýja vefsins er létt og stílhreint en á sama tíma fagmannlegt. Blái einkennislitur MS nýtur sín vel og bogadregnir rammar utan um myndir mýkja ásýndina. Um stórt og viðamikilið verkefni er að ræða og óhætt að segja að við hlökkum mikið til að sýna ykkur útkomuna á næstu vikum.

Gréta Björg Jakobsdóttir, ritstjóri vef- og samfélagsmiðla MS

Vissir þú að...

... Sérstaða mjólkurmatar felst meðal annars í því að vera ein besta uppspretta kalks sem völ er á. Í landskönnun á mataræði Íslendinga frá árinu 2010-2011 sést að tæp 70% af kalkneyslunni kemur frá mjólkurvörum (ostar meðtaldir). Mjólkursykur (laktósi) eykur einnig nýtingu á kalki og má því með sannni segja mjólkurvörur besta kalkgjafa sem völ er á. Kalk er mikilvægt byggingarefni beina og tanna.

... Mjólkurvörur innihalda í ríku mæli 13 af 18 mikilvægustu vítamínum og steinefnum sem líkaminn þarf á að halda. Meðal annars góð uppspretta kalks, fosfórs, B2 og B12 vítamína, sinks, jód og áfram mætti telja. Þessi efni gegna margs konar hlutverkum í líkamanum, meðal annars í orkuvefnaskiptunum.



Þarna má sjá ljósmyndarann Arnald Halldórsson mynda Guðrúnu Sigurjónsdóttir og kýrnar hennar í bak og fyrir. Fjölskyldan var einkar hjálpleg og hún fær ómælt þakklæti frá gestunum.



Ísey Skyr Bar opnar í Hollandi

Fyrsti útsöluastaður Ísey Skyr Bars á meginlandi Evrópu opnaði í Hollandi þann 30. júní síðastliðinn og hafa móttökur heimamanna verið með besta móti fyrstu dagana. Gangi allar áætlanir eftir verður staðurinn í Hollandi einungis sá fyrsti í röðinni af þeim 30 stöðum sem stendur til að opna á næstu árum þar í landi.



Þetta verður að teljast mikið afrek fyrir Ísey Skyr Bar þar sem að ekki mörgum sérleyfisveitendum úti í hinum stóra heimi tókst að selja ný sérleyfi á

tímum covid-19.

Það þekkja það flestir hversu erfitt það er að finna skyndibita sem er mjög hollur án þess að gefa eftir í bragði. Ísey Skyr Bar býður upp á vörur sem eru ekki bara hollar heldur eru þær einnig einstaklega bragðgóðar.

Á Íslandi eru útsöluastaðirnir nú orðnir 12 og í Finnlandi eru staðirnir orðnir tveir. Framtíðin er björt, draumarnir eru stórir og Ísey Skyr Bar stefnir á enn fleiri markaði á næstu misserum.

Sigríður Steinunn Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Ísey Skyr Bar

Sala mjólkurvara það sem af er ári

Sala á mjólkurvörum hefur gengið ágætlega undanfarna 6 mánuði og er yfir áætlunum.

Sala á Smjöri og Smjörva helst nokkurn veginn óbreytt m.v. sama tímabil í fyrra og ostarnir fara upp um 2,6%. Sala á drykkjarmjólk heldur áfram að gefa eftir en bragðbætt mjólk á borð við Kókómjólk, Hleðslu og Næringu fer upp um 4,9%. Sala á skyri/jógúrt og rjómvörum dregst saman um 1,5%.



Tekjulega gerðu áætlanir ráð fyrir 14.595 mkr sölu, raunin var 14.777 mkr, 1.321 mkr yfir sama tímabili árið áður og 183 mkr yfir tekjuáætlun tímabilsins.

Það hefur verið ánægjulegt að sjá ferðþjónustuna taka vel við sér í kjölfar afléttinga vegna Covid-19. Hótel, veitingastaðir og kaffihús hafa notið góðs af því sem hefur skilað sér til MS í auknum viðskiptum, þá sérstaklega í júnímánuði.

Við verðum einnig vör við neyslubreytingar sem koma m.a. fram í aukinni neyslu á nýmjólk en samdrætti í fituminni mjólk og bragðbættar drykkjarvörur hafa verið í sókn undanfarið.

Á meðfylgjandi mynd má sjá sölu helstu vöruflokka í tonnum tímabilið janúar-júní sem samanburð við fyrra ár.

Adalsteinn H Magnússon, sölustjóri

Uppsöfnuð sala í tonnum

	Jan-jún 2021	Jan-jún 2022	Mism	%	Áætlun 2022	Mism	%
Smjör/Smjörvi	1.102	1.104	2	0,2%	1.098	6	0,5%
Ostar	2.986	3.065	79	2,6%	3.000	65	2,2%
Duft	602	673	71	11,8%	600	73	12,2%
Samtals KG	4.690	4.842	152	3,2%	4.698	144	3,1%
Hvít mjólk	11.349	11.099	-250	-2,2%	10.838	261	2,4%
Bragðb mjólk	2.210	2.319	109	4,9%	2.265	55	2,4%
Skyr/Jógúrt	3.944	3.885	-59	-1,5%	3.929	-44	-1,1%
Rjómvörur	1.553	1.530	-23	-1,5%	1.563	-33	-2,1%
Samtals Ltr	19.057	18.834	-223	-1,2%	18.594	239	1,3%

Uppsöfnuð sala í m.kr

	Jan-jún 2021	Jan-jún 2022	Mism	%	Áætlun 2022	Mism	%
Samtals	13.456	14.777	1.321	9,8%	14.595	183	1,3%

Er fæðuöryggi ógnað í upphafi 21. aldarinnar?

Fæðuöryggi er nú ógnað víða í heiminum vegna átaka af mannavöldum, áhrifa loftslagsbreytinga, COVID-19 og hækkandi framfærslukostnaðar. Stríðið í Úkraínu, sem er mikilvægt kornframleiðsluland, skapar hættu á að matarskortur verði nú meiri en um mjög langt skeið.



Áhrif átakanna Í Úkraínu munu ekki hverfa svo auðveldlega. Efnahagsbati eftir COVID-19 heimsfaraldurinn er misjafn milli landa og ný afbrigði af vírusnum koma upp og halda tekjum heimilanna niðri. Um 60 prósent fátækustu ríkja heims glíma nú þegar við skuldavanda eða eru í hættu á að lenda í honum.

Matvælaverð hefur hækkað stanslaust síðan um mitt ár 2020 og hefur nú farið yfir fyrri hæðir í



efnahagskreppunni 2008-2011. Stríðið í Úkraínu hefur bæst ofan á aðrar framboðstruflanir um allan heim. Að mati alþjóðastofnana er hækkandi matvælaverð og lágar tekjur meira áhyggjuefni nú en í fyrr kreppum.

Aðrir áhrifaþættir auka enn á þá hættu að hungurvofan nái til sífellt fleira fólks. Vopnuð átök eru nú um tvöfalt útbreiddari en fyrir 10 -12 árum og fjöldi fólks á flótta hefur þrefaldast og er nú kominn yfir 100 milljónir í heiminum. Loftslagsváin sem birtist meðal annars í óvenjulegum þurrkum víða um heim, eykur enn á vandann.

Eftir því sem stríðið í Úkraínu dregst á langinn er búist við að ástandið á heimsvísu muni versna enn frekar. Vandinn nú tengist fyrst og fremst verra aðgengi að matvælum ásamt verðhækkunum. Óhagstætt veðurfar og skortur á áburði gæti hins vegar fyrirvaralítið breytt núverandi „aðgengiskreppu“ að matvælum í „framboðskreppu“, sem myndi varpa enn meiri skugga á horfur þeirra sem verst eru sett í heiminum.

Lauslega þýtt og endursagt af heimasíðu Agricultural Market Information System:
<http://www.amis-outlook.org/news/detail/en/c/1155743/>

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur MS

Kolefnisspor Mjólkursamsölunnar lækkar um 8,2%

Umhverfisskýrsla Mjólkursamsölunnar fyrir árið 2021 er nú komin út og aðgengileg á vef Mjólkursamsölunnar, ms.is. Kolefnislosun fyrirtækisins minnkar um 8,2% frá áður mældum losunarpáttum milli ára.

Eldsneytisnotkun dregst saman um 9,6% milli ára og mun sú þróun halda áfram með frekari orkuskiptum bifreiða og hagkvæmari nýtingu. Þar má nefna að síðastliðið haust tók Mjólkursamsalan í notkun fyrsta flutningabíl fyrirtækisins sem nýtir metan og nú nýverið var bílaflota söluteymis okkar skipt út fyrir rafmagnsbíla. Í síðasta Mjólkurpósti kom fram að undirbúningur er hafinn að úttekt, og í framhaldinu, endurskoðun á fyrirkomulagi mjólkursöfnunar. Aukin hagræðing í mjólkursöfnun mun ekki einungis hafa í för með sér umhverfislegan ávinning heldur mun það einnig lækka rekstrar- og fjárfestingarkostnað í flutningskerfinu, sem leiðir til lægri söfnunarkostnaðar fyrir bændur en ella.



Losun vegna viðskiptaferða í flugi minnkar um 44% milli ára sem rekja má til heimsfaraldurs Covid-19 svo ætla má að sú tala muni hækka eitthvað nú þegar losnað hefur um hömlur og ráðstefnur og fundir eru aftur orðinn hluti af okkar starfsemi.

Stefnt á enn hærra hlutfall flokkunar og endurvinnslu

Í skýrslunni kemur einnig fram að hlutfall flokkaðs úrgangs fer í 55,1% árið 2021 samanborið við 50% árið

2020 og hlutfall endurunnsins úrgangs er 47,1% samanborið við 39,9% árið áður. Undanfarna mánuði hefur verið unnið að úttekt á úrgangsmálum allra starfsstöðva Mjólkursamsölunnar með það að markmiði að auka hlutfall flokkunar og endurvinnslu enn frekar. Samdi Mjólkursamsalan við fyrirtækið PureNorth og hafa þau nú skilað úttektarskýrslum og aðgerðaáætlunum sem munu nýtast í átt að því markmiði.

Margrét Gísladóttir, sérfræðingur á hagsýslu- og samskiptasviði



Nýr metan bíll á hlaðinu hjá MS.



Alþjóðlegi mjólkurdagurinn

Þann 1. júní sl. var alþjóðlegi mjólkurdagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim. Framtakinu var hrundið af stað af Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) árið 2001 og er tilgangur þess að vekja athygli á ávinningi mjólkur og mjólkurframleiðslu á matvælakefjum heimsins, hvort sem lítið er til efnahags, næringar eða samfélagsins.

Í tilefni dagsins bauð MS uppá mjólk og kleinur í Hagkaup í Skeifunni, Nettó Mjódd og Fjarðar kaupum. Kleinan sendi einnig mjólkinni og kúabændum hamingjuóskir á samfélagsmiðlum, við góðar undirtektir neytenda.

Nýtt og spennandi Ísey skyr með tiramisú-bragði

Nú er komin á markað ný og spennandi sérútgáfa af Ísey skyr sem verður aðeins á markaði í takmarkaðan tíma. Þriðja og nýjasta sérútgáfan af Ísey skyr er að þessu sinni með tiramisú-bragði og er þetta í fyrsta sinn sem MS setur slíka vöru á markað. Dulúðlegt landslag Landmannalauga prýðir nýju tiramisú-dósina og óhætt að segja að útlitið vekir forvitni sem smellpassar einmitt við nýtt og forvitnilegt bragð.

Sérútgáfunar okkar hafa vakið mikla athygli síðustu misseri enda höfum við verið óhrædd við að setja á markað nýjar og spennandi bragðtegundir. Fyrsta sérútgáfan var með jarðarberjum og hvítu súkkulaði sem nú er komin í hefðbundnar Ísey skyr umbúðir og komið til að vera í hillum verslana. Það verður



spennandi að fylgjast með viðtökum við nýja tiramisú-skyrinu og hver veit nema það verði lengur á markaði en plön gera ráð fyrir.

Nýtt Ísey skyr með tiramisú-bragði er líkt og aðrar Ísey skyr bragðtegundir próteinríkt, fitulítið, kolvetnaskert og einstaklega bragðgott.

Halldóra Arnardóttir, markaðsstjóri feskvara hjá MS

Framleiðendur búvara verða að fá afurðaverð sem stendur undir framleiðslukostnaði

Verðbólga er nú sú mesta um áratugaskeið í mörgum löndum heimsins. Hér á Íslandi hækkaði Vísitala neysluverðs (VN) um 7,6% á tólf mánaða tímabili, maí 2021 – maí 2022. Á sama tímabili hækkaði VN í Danmörku um 7,4% og um 5,4% í Noregi. Sé aðeins litið á mat- og drykkjarvörur hækkuðu þær um 6,2% hér á landi en 10,1% í Danmörku. Í Noregi nam hækkunin hins vegar aðeins 2,6%.


Áhugavert er að skoða helstu flokka matvöru og bera saman verðþróun milli landanna þriggja. Í öllum flokkum nema kaffi, tei og kakói eru hækkanirnar mestar í Danmörku. Almennst er Ísland síðan í öðru sæti en minnstar hækkanir hafa orðið í Noregi nema þar hefur kaffi, te og kakó hækkað mest (16%).



Landbúnaðarstefna og matvælavæð

Áhugavert er að setja þessa þróun í samhengi við starfsumhverfi landbúnaðarins. Í Noregi er rekin skýr og virk landbúnaðarstefna, tollar eru lagðir á flestar þær búvörur sem vega þungt í þarlandum landbúnaði. Þar hafa stjórnvöld einnig stigið afdráttarlaust inn með ríkulegum framlögum til landbúnaðar til að tryggja að framleiðendur fái það afurðaverð sem stendur undir framleiðslukostnaði og leggi því ekki af búrekstur í vonandi tímabundinni kreppu. Áhugavert er að sjá að þessi stefna skilar sér einnig í minni verðhækkunum til neytenda en í hinum löndunum tveimur.

Þessi litla greining dregur glögg fram að verðþróunin á Íslandi er fjarri því að vera einsdæmi og hér á landi hefur raunar gengið betur, a.m.k. enn sem komið er að halda aftur af verðhækkunum á landbúnaðarvörum en í Danmörku.



Næstu mánuðir munu skipta sköpum

Mikil óvissa ríkir um þróunina næstu mánuði, bæði hvað varðar verð á mikilvægustu aðföngum til landbúnaðarins sem og á afurðaverði til bændu og þar með verði til neytenda. Nú reynir á að stjórnvöld grípi til markvissra aðgerða til að tryggja að bændur fái ört hækkanir framleiðslukostnað, sem vonandi er þó tímabundinn, borinn uppi í afurðaverði eða með öðrum hætti.

Ómarkvissar aðgerðir til að tryggja tekjur bændu geta leitt til skaðlegra breytinga í framleiðsluháttum í landbúnaði sem erfitt getur verið að vinda ofan af þegar núverandi ytri aðstæður skreppa í fyrria horf. Önnur stjórntæki verður síðan að nota til að tryggja hag neytenda og kaupmátt þeirra.

Erna Bjarnadóttir, hagfræðingur MS

Í lok mars komu saman fulltrúar stærstu fyrirtækja í landbúnaði á Íslandi og stofnuðu Samtök fyrirtækja í landbúnaði (SAFL).

Mjólkursamsalan er einn af stofnaðilum samtakanna sem hafa það hlutverk að vera í forsvari gagnvart stjórnvöldum í málum er snerta hagsmuni og réttindi sinna félagsmanna ásamt því að efla ímynd og styrkja samkeppnisstöðu




**Samtök fyrirtækja
í landbúnaði**

íslensks landbúnaðar. Mjólkursamsalan hefur undanfarin ár sett aukinn kraft í greiningarvinnu á m.a. tollaframkvæmd við innflutning mjólkurvara sem hefur leitt í ljós að víða er pottur brotinn. Fagnar fyrirtækið stofnun þessara nýju hagsmunasamtaka.

Formaður samtakanna er Sigurjón R. Rafnsson og framkvæmdastjóri er Margrét Gísladóttir, sérfræðingur hjá Mjólkursamsölunni.

Innvigtun, sala og birgðir 31. maí 2022




Framleiðsla mjólkur 2022

Mjólkurframleiðslan hefur dregist saman það sem af er árinu samanborið við árið 2021, **sjá mynd 1**.

Heildarminnkunin frá áramótum (fyrstu 25 vikur ársins) nemur um -1,6 milljón lítrum eða -2,1%.

Til að ná greiðslumarki ársins þarf innvigtun það sem eftir er árs (vika 26 – 52) að vera jafn mikil og á sama tímabili síðasta árs.


Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2020, 2021 og 2022 (vika 25).



Birgðir mjólkurvara

Á mynd 2 má sjá þróun próteinbirgða 2020 – 2022, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru í góðu jafnvægi. Myndir 3 – 6 sýna birgðapróun helstu flokka mjólkurvara 2019 - 2022.

Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2020 – 2022.



Sala mjólkur og útflutningur

Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. júní 2021 – maí 2022, var samanlögð mjólkurframleiðsla 147,3 milljónir lítra sem er um 1,4% minni framleiðsla en á 12 mánaða tímabilinu þar á undan. Þetta kemur fram í töflu 1. Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam um 146 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og um 125 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 1,6 % á tímabilinu og á próteingrunni um 2,5 %.

Tafla 1 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. maí 2022.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	maí mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	27.900.967	29.346.869	35.491.959	-23,08	-18,93	-7,80
Innvegin mjólk	13.531.227	39.495.885	147.335.195	-0,29	-3,17	-1,40
Seldar afurðir	10.700.893	31.742.205	124.905.917	8,99	1,73	2,45
Útflutningur	3.566.995	9.821.987	29.395.966	-18,03	-0,74	-3,94
Birgðir í lok	27.460.508	27.460.508	27.460.508	-22,63	-22,63	-22,63
Mismunur	-296.202	-181.946	1.064.763	-264,81	-145,36	-1196,11
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	22.742.941	21.608.918	26.703.394	-7,81	-15,45	-4,48
Innvegin mjólk	13.531.227	39.495.885	147.335.195	-0,29	-3,17	-1,40
Seldar afurðir	11.739.723	35.710.417	145.621.073	5,35	-0,98	1,59
Útflutningur	490.973	1.241.394	3.769.046	577,91	-58,35	-51,64
Birgðir í lok	24.357.023	24.357.023	24.357.023	-8,79	-8,79	-8,79
Mismunur	-313.551	-204.030	291.447	-197,66	-134,16	-162,30

Mjólkurframleiðsla umfram sölu var um 22 milljónir lítra á próteingrunni s.l. 12 mánuði og um 2 milljónir lítra á fitugrunni. Sala á próteingrunni var um 85% af mjólkurframleiðslunni á sama tíma og sala á fitugrunni var um 99%.


Útflutningur á mjólk miðað við prótein nam um 29,4 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 3,8 milljónum. Útflutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið vel á árinu. Birgðastaða er í góðu jafnvægi.

Jón K.
Baldursson




Á mynd 3 kemur m.a. fram að smjörbirgðir voru um 475 tonn í lok maí s.l., jukust um rúm 90 tonn í maí en minnkuð milli ára um 55 tonn. Verið er að búa í haginn fyrir komandi sölutímabil í aðdraganda jóla og er m.a. nú verið að framleiða jólasmjör í 500 gr umbúðum. Birgðir af smjöri eru í jafnvægi í öllum vörunúmerum.

Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2019 – 2022




Eins og sjá má á birgðapróun mozzarellaosts, á mynd 5, er verið að trappa niður birgðirnar af honum. Við þetta losnar um fitu og prótein sem geymt hefur verið í þessum birgðum.

Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2019 – 2022



Eins og sjá má á mynd 4 eru ostabirgðir í mjög góðu jafnvægi en vel er fylgst með þeim og gripið til aðgerða um leið og þurfa þykir m.t.t. aldurs og magns í hverjum vöruflökki.

Mynd 4 Þróun ostabirgða 2019 - 2022 (26% og 17%).



Mynd 6 sýnir birgðapróun á undanrennudufti og má sjá að þær eru mjög jafnar milli mánaða á meðan framleiðsla á dufti er jöfn enda hefur gengið vel að flytja út umframbirgðir jafnóðum. Það mun draga úr framleiðslunni á seinni hluta árs samhliða minnkandi innvigtun og munu birgðir því hækka á sumarmánuðum til að anna örugglega eftirspurn á seinni hluta ársins. Útflutningur á próteini hefur að stærstum hluta verið í formi undanrennuosts og undanrennudufts.

Mynd 6 Þróun birgða á undanrennudufti 2019 – 2022

